



4. apríl 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 74. mál á 152. löggjafarþingi

Stuðningur til kaupa á fyrstu íbúð (stuðningur til öflunar íbúðarhúsnæðis)

Með ofangreindu frumvarpi er efnislega lagt til að skattfrjáls nýting séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð og ráðstöfunar inn á höfuðstól fasteignaveðláns standi einnig þeim til boða sem ekki hafa átt íbúð undangengin þrjú ár. Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi því markmiði.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa lengi barist fyrir því að einstaklingar og fjölskyldur sem misstu húsnæði sitt í kjölfar bankahrunsins 2008 njóti sömu úrræða og stuðnings til að komast aftur inn á húsnæðismarkaðinn eins og fyrstu kaupendur. Við gerð lífskjarasamninganna 2019 lagði ríkisstjórnin fram lista yfir aðgerðir til stuðnings markmiðum samninganna, þar á meðal að stuðningur stjórnvalda við fyrstu kaup næði einnig til þeirra sem ekki hafa átt fasteign í þrjú ár. Í endanlegri útfærslu hafði sá tími reyndar lengst í fimm ár þrátt fyrir að samtökin hefðu lagst gegn þeirri breytingu. Þessar aðgerðir hafa ekki komið til framkvæmda nema að því leyti að þegar svokölluðum hlutdeildarlánnum var komið á fót náði gildissvið þeirra einnig til þeirra sem hafa ekki átt íbúð í fimm ár. Samtökin fagna því að með ofangreindu frumvarpi sé lagt til að frekari skref verði tekin í þá átt og styðja það heilshugar.

Af þessu tilefni er rétt að benda á að nýlega voru birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum varðandi lífeyrismál (mál nr. S-66/2022), en með því er m.a. lagt til að heimildir til þess að nýta úrræði um skattfrjálsa ráðstöfun lífeyrissparnaðar til kaupa á fasteign verði útvíkkaðar og nái einnig til þeirra sem hafa ekki átt íbúð í fimm ár, líkt og í ofangreindu frumvarpi. Þar sem um stjórnarmál er að ræða má búast við að það komi til afgreiðslu á Alþingi. Hagsmunasamtök heimilanna hvetja til þess að við meðferð þess frumvarps verði gerð breyting á 9. gr. þess þannig að í stað orðsins “fimm” komi “þrjú” og við frumvarpið bætist ný grein til að gera samskonar breytingu á lögum um hlutdeildarlán, líkt og kemur fram í 1. tl. 6. gr. í ofangreindu frumvarpi.

Loks vilja Hagsmunasamtök heimilanna benda á að stór hluti umrædds hóps hefur efni á að eignast aftur húsnæði, en getur það ekki því það er enn á svörtum listum og elt af innheimtumönnum vegna afleiðinga hrunsins. Vanda þeirra þarf að leysa með öðrum hætti en þeim sem hér um ræðir.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is